



Forsætisráðuneytið
Samráðsgátt
Mál nr. 144/2020

Reykjavík 27. ágúst 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 (ódæmigerð kyneinkenni)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 (ódæmigerð kyneinkenni)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna framkomnum drögum að frumvarpi og lýsa ánægju sinni með þá viðurkenningu sem komin er fram á rétti barna til þátttöku í ákvörðunum um aðgerðir til varanlegrar breytingar á ódæmigerðum kyneinkennum sínum. Jafnframt fagna samtökin því að aðgerðir til óafturkræfra breytinga á kyneinkennum skuli ekki gerðar nema í samræmi við vilja barnsins þegar barn hefur öðlast færni og þroska til að taka slíka ákvörðun, nema heilsufarslegar ástæður krefjist þess, að undangengnu ítarlegu mati á nauðsyn breytinganna og afleiðingum þeirra til skemmri og lengri tíma.

Barnaheill styðja við efni draganna í þeirri mynd sem þau nú eru og telja stigið heillaskref í átt að aukinni virðingu gagnvart mannréttindum barna.

Í ljósi áðurgerðra umsagna Barnaheilla um tengd mál og við frumvarp það sem varð að lögum um kynrænt sjálfræði er gleðiefni að sjá að tekið hefur verið fullt tillit til þeirra við vinnslu málsins og sjónarmið þau sem Barnaheill áður komu á framfæri um rétt barns til að taka þátt í og hafa áhrif á ákvarðanir sem þau varða eru að því er virðist að fullu innifalin í frumvarpsdrögunum.

Barnaheill hvetja til þess að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi sem fyrst til samþykktar.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.